

Föstudaginn 14. febrúar 1958.

Nr. 34/1957. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jakobi Guðmundssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Agreiningatskvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1957, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 38.500.00 auk 6% ársvaxta frá 31. maí 1954 til greiðsludags. Svo greiði hann og hæfilegan málskostnað í héraði, en stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti að mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum hér fyrir dómi, að hann telur, að sök beri að skipta þannig, að stefnda verði dæmt að bera sjálfur helming þess tjóns, sem hann hlaut af slysi því, er í málinu greinir. Þá krefst hann, að þjáningabætur verði færðar niður í kr. 12.500.00, miðað við fullar bætur. Áfrýjandi samþykkir fjárhæð atvinnu- og örorkutjóns stefnda, eins og það er ákveðið í héraðsdómi, kr. 59.000.00, svo og sjúkra- og ferðakostnað stefnda, kr. 5500.00.

Svo sem segir í héraðsdómi, lét áfrýjandi undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn út af umræddu slysi í tæka tíð, shr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Liggja atvik þess því ekki alls kostar ljóst fyrir, en af því verður áfrýjandi að bera hallann. Mð skírskotun til þess og að öðru leyti til forsendna héraðsdóms þykja ekki efni til að skipta sök í máli þessu. Ber áfrýjanda því að bæta stefnda tjón hans að fullu.

Þjáningabótum er í hof stillt í héraðsdómi. Og þar sem fjárhæð atvinnu- og örorkutjóns stefnda svo og sjúkra- og

ferðakostnaðar er viðurkennd, þykir bera að staðfesta hér-
aðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda
málkostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda,
Jakobi Guðmundssyni, kr. 6000.00 í málskostnað í
Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Sératkvæði

Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.

Ég tel það hafa verið óvarlegt af „lúgumanni“ við nefnda
útskipun að láta lyfta netinu með fiskpökkunum, áður en
menn þeir, sem unnu að því að festa netinu í krók lyftivirs-
ins, höfðu komið sér á öruggan stað, enda var „lúgumanni“
kunnugt um, að pakkarnir voru valtir og einstaka pakkar
höfðu áður dottið úr slíkum netum. Slysið má að nokkru
rekja til þessarar vangæzlu. Vinnuveitandinn, áfrýjandi, ber
fébótaábyrgð vegna þessa gáleysis við meðferð útskipunar-
tækjanna, sem verða að teljast hættuleg. Samkvæmt þessu
og þar sem áfrýjandi lét hjá liða að hlutast til um, að rann-
sókn færi fram á tildrögum slyssins, þykir hann eiga að bera
þessa ábyrgð að meginhluta.

Á hinn bóginn tel ég, að skort hafi á nægilega varúð af
hendi stefnda, sem fór ekki niður af vörubifreiðinni, eins og
samstarfsmaður hans gerði, heldur færði sig aðeins til á
palli bifreiðarinnar, áður en byrðinni var lyft, og var hon-
um þó kunnugt um, að fiskpakkar höfðu áður dottið úr net-
um, er fiski var skipað út með þeim hætti, sem gert var.
Vegna þessara vangæzlu tel ég, að stefndi eigi að bera $\frac{1}{2}$
hluta tjóns síns sjálfur.

Ekki eru efni til að lækka hina einstöku kröfuliði frá því,

sem ákveðið er í héraðsdómi. Og þar sem málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, ber að leggja úrlausn héraðsdóms að þessu leyti til grundvallar.

Samkvæmt framanskráðu er dómsorð mitt því á þá lund, að áfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, eigi að greiða stefnda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 67.600.00 með 6% árs-vöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Slysið varð, þá er skreið var fermd af vörubifreiðum út í e/s Reykjavoss. Hásjavað var og borðstokkur skipsins mun hærri en pallur hvernar bifreiðar. Skreiðin var í pökkum, er voru 50 kg að þyngd hver. Um 25 pökkum var staflað í net, og voru tvö slik net á hverjum bifreiðarpalli. Stefndi og Árni Ólafsson fóru upp á pall hvernar bifreiðar og kræktu króknum frá vir, sem lá til togvindu skipsins, í lykkjur á skreiðarneti hverju, sem síðan var lyft um borð. Var neti því, sem aftar var á bifreiðarpalli hverjum, lyft fyrst, og var stefndi kyrr á bifreiðarpallinum á meðan, en Árni fór niður af honum. Er síðara netinu var lyft um borð, fóru þeir báðir af vörupallinum. Þá er fermt hafði verið af nokkrum bifreiðum og verið var að lyfta fyrra skreiðarnetinu af bifreið einni um borð, var stefndi að sjálfs sín sögn staddur ofan á síðara netinu fram við bifreiðarhúsið. Varð hann þá fyrir skreiðarpakka, féll ofan af bifreiðinni og meiddist. Vitni eitt telur skreiðarpakkann hafa fallið úr neti því, sem upp var dregið, en önnur vitni taka fyrir það og ætla, að net það, sem upp fór, hafi rekizt á hitt, sem eftir var á bifreiðinni, og raskað því, en slysið þá orðið.

Hverjum þeim, sem að fermingunni vann, mátti vera ljóst, að umbúnaður skreiðarpakkanna og lyfting þeirra um borð var með þeim hætti, að hættulegt var að hafast við á bifreiðarpalli, meðan skreiðarnetin voru um borð dregin. Stefnda bar vitaskuld að gæta sín og hafa sjálfan sig eigi í hinni augljósu hættu, en þar sem hann viðhafði eigi varúð, bar

verkstjóra áfrýjanda að leiðbeina honum og vikja honum af bifreiðarpallinum, áður en skreiðarnetin voru dregin upp. Með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið, þykir rétt að leggja ábyrgð á afleiðingum slyssins að $\frac{2}{5}$ hlutum á stefnda og $\frac{3}{5}$ hlutum á áfrýjanda.

Tjón stefnda telst hæfilega metið í héraðsdómi á kr. 84.-500.00. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda $\frac{3}{5}$ þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 50.700.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð mitt verður því:

Áfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 50.700.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og kr. 10.000.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. janúar 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hefur Jakob Guðmundsson verkamaður, Tryggvagötu 6, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. júní 1955, gegn Eimskipafélagi Íslands h/f, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 214.100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 31. maí 1954 lá skip stefnda, e/s Reykjafoss, í Reykjavíkurhöfn, og var unnið að því að ferma með skreið. Var skreiðin í pökkum, sem vógu 50 kg hver, en venjulega var 25 slíkum pökkum staflað í net. Var skreiðinni ekið að skipshlið á vörubifreiðum, og voru tvö skreiðarnet á palli hverrar bifreiðar. Net þessi voru fyrirferðarmikil og var hæð þeirra frá bifreiðarpalli að þaki stýrishúss. Munu pakkarnir í netunum hafa verið valtir. Bifreiðunum var ekið aftur á bak að skipshlið, en há-sjávað var og borðstokkur skipsins því talsvert hærri enallar bifreiðanna. Er slys það varð, sem um ræðir í máli þessu, var unnið við 1. lest, og hafði stefnandi það verk á hendi ásamt Árna nokkrum Ólafssyni að fara upp á palla bifreiðanna, er

þær komu að skipshlið, og krækja króknum á vírnum frá togvindu skipsins á lykkjur, sem voru á skreiðarnetunum, en síðan var hvoru neti um sig lyft með togvindunni inn yfir borðstokkinn, fyrst því, sem aftar var á bifreiðarpallinum, en síðan hinu, er stóð fram við stýrishús. Um kl. 15.40 umræddan dag höfðu þeir félagar, stefnandi og Árni Ólafsson, lokið við að krækja króknum á togvinduvírnum í lykkjur aftara skreiðarnetsins á palli einnar bifreiðarinnar, og var byrjað að lyfta netinu. Var Árni kominn niður af bifreiðarpallinum, en stefnandi var uppi á fremra skreiðarnetinu. Féll hann þá niður af netinu og niður á bryggju. Hlaut hann alvarleg meiðsli á höfði, auk fleiri áverka.

Af hendi forráðamanna stefnda var ekki hlutast til um, að rannsókn væri framkvæmd á tildrögum slyss þessa, en samkvæmt beiðni frá lögmanni stefnanda, dagsettri 25. september 1954, tókst rannsóknarlögreglan í Reykjavík á hendur rannsókn málsins, og var sú rannsókn framkvæmd um miðjan nóvember 1954, um 5½ mánuði eftir að slysið varð. Þá voru og á bæjarþinginu, meðan á rekstri máls þessa stóð, teknar skýrslur af stefnanda og vinnufélögum hans. Verða nú rakin höfuðatriðin í skýrslum þessum.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt sinn hafi hann staðið uppi á fremra skreiðarnetinu, en Árni Ólafsson hafi staðið á bifreiðarpallinum fyrir aftan aftara netið. Er þeir höfðu krækt króknum í lykkjur aftara netsins, hafi því verið lyft. Kveðst stefnandi þá hafa staðið eða legið uppi á fremra netinu fram við stýrishús bifreiðarinnar og ekki veitt athygli neti því, sem upp fór. Tæpu ári eftir að stefnandi gaf þessa skýrslu, skýrir hann svo frá fyrir dómi, að hann minni, að hann hafi legið ofan á miðju fremra netinu, en muni ekki, hvernig staða hans að öðru leyti var. Stefnandi kveðst síðan ekki hafa vitað fyrr en eitthvað féll í höfuð honum og við það hafi hann misst meðvitund. Er hann kom til meðvitundar á ný, hafi hann legið á hafnarbakkanum, og hafi þá komið í ljós, að fiskpakki hafi fallið úr neti því, er upp var dregið, og lent á höfði hans. Minni sig ákveðið, að fiskpakki þessi hafi legið laus ofan á netinu, er því var lyft, en netið hafi þá verið svo fullt orðið, að ekki hafi verið rúm fyrir pakkann í því. Hafi þeir félagar látið pakka þenna fljóta með í þeirri trú, að það kæmi ekki að sök. Hafi það áður komið fyrir, að pakkar féllu úr netunum, án þess að slys hlytist af. Stefnandi kveðst halda, að togvinda skipsins hafi ekki verið í fullkomnu lagi í umrætt sinn, því að sífellt

hafi borið á einhverjum rykkjum, er lyft var. Að lokum kveðst stefnandi hafa haft þann hátt á við verk þetta, að hann hafi haldið kyrru fyrir uppi á bifreiðarpallinum, meðan fyrra netinu var lyft, en verið niðri á bryggjunni, er hið síðara var dregið upp.

Vitnið Árni Ólafsson skýrir svo frá, að er slysið varð, hafi það og stefnandi verið búnir að krækja í lykkjur fyrra netsins og byrjað hafi verið að lyfta því. Stefnandi hafi verið kominn upp á net það, sem eftir var á bifreiðinni, og verið á leið fram eftir því vinstra megin niður af bifreiðarpallinum. Hafi þá fiskpakki úr neti því, er verið var að draga upp, fallið niður og lent á stefnanda. Ekki kveðst vitnið hafa séð, hvar á stefnanda pakkin lenti, en undan honum hafi stefnandi fallið á bryggjunna. Vitnið kveður netið hafa verið rétt komið upp af palli bifreiðarinnar, er slysið varð. Minnir það, að netið hafi verið allveg fullt, en man ekki, hvort pakki lá laus ofan á því. Ekki kveðst vitnið minnast annars en togvinda sú, sem notuð var, hafi verið í lagi, og ekki reki það minni til þess, að borið hafi á óeðlilegum rykkjum, er netin voru dregin upp. Vitnið kveður það algengt, að menn fari niður af bifreiðunum, meðan verið sé að draga fyrra skreiðarnetið upp, enda komi þó nokkrum sinnum fyrir, að fiskpakki falli úr netinu.

Vitnið Pétur Ágúst Árnason, sem var „lúgumaður“ við 1. lest, skýrir svo frá, að er þeir stefnandi og Árni Ólafsson voru búnir að krækja króknum í lykkjur fyrra netsins, hafi það gefið manni þeim, er togvindunni stjórnaði, merki um að lyfta netinu. Árni hafi þá verið kominn niður af palli bifreiðarinnar, en stefnandi hafi verið staddur uppi á netinu, sem eftir var, og verið á leið fram eftir því í áttina að stýrishúsinu. Er hér var komið, kveðst vitnið hafa beint athygli sinni að mönnum þeim, er stjórnðu togvindunum, þar eð netið hafi nú verið komið í fulla hæð og að því komið að færa það inn yfir borðstokkinn að lestaropinun. Er það leit yfir á hafnarbakkann aftur, hafi stefnandi legið á bryggjunni vinstra megin við bifreiðina á móts við fremsta hluta vörupallsins og fiskpakki við hlið hans. Ekki kveðst vitnið vita, hvernig eða af hvaða ástæðu stefnandi féll, en fullyrðir hins vegar, að enginn fiskpakki hafi fallið úr neti því, sem verið var að draga upp. Slíkt geti þó komið fyrir, en mjög sjaldan. Pakki sá, sem á bryggjunni lá, hljóti því að hafa fallið úr netinu, sem eftir var á palli bifreiðarinnar. Sé hugsanlegt, að net það, sem upp var dregið, hafi dregizt utan í netið, sem eftir var, svo að

það hafi gliðnað með þeim afleiðingum, að pakki hafi fallið úr því. Sá pakki geti þó ekki hafa fallið ofan á stefnanda, þar eð hann hafi verið kominn fram undir stýrishús bifreiðarinnar. Vitni þetta kveður togvindur skipisns hafa verið „slæmar“ í umrætt sinn, en það hafi þó ekki komið að sök, þar eð hvorki hafi pakki sá, sem féll niður á bryggjuna, verið úr neti því, sem upp var dregið, né heldur hafi verið „sláttur“ á því, meðan það var dregið upp.

Vitnið Þórarinn Jónsson var „bakkamaður“ við 1. lest, en starf hans er meðal annars fólgið í því að leiðbeina bifreiðastjórum, er aka með farm að og frá skipshlið. Vitni þetta skýrir svo frá, að er slysið varð, hafi stefnandi verið kominn fram á skreiðar-net það, sem eftir var á bifreiðinni, og verið kominn með annan fótinn niður á horn vörupallsins fram við stýrishús. Hafi þá fiskpakki úr neti því, sem verið var að draga upp, krækzt í netið, sem eftir var á bifreiðinni, og lyft því aðeins upp. Kveðst vitnið þá hafa kallað til stefnanda og sagt honum að gæta sín, en um leið hafi pakki fallið úr netinu, sem eftir var á palli bifreiðarinnar, og lent á vinstri öxl stefnanda, er við það hafi fallið aftur á bak niður á bryggjuna.

Vitnið Ágúst Ólafsson, sem hafði á hendi verkstjórn við útskipun skreiðarinnar, kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, en kveðst þegar eftir slysið hafa ritað skýrslu um það eftir frásögn þeirra Árna Ólafssonar og Þórarins Jónssonar. Minnir vitnið, að þeir hafi tjáð því, að margnefndur fiskpakki hafi fallið úr netinu, sem eftir var á bifreiðinni, en ekki því, sem verið var að draga upp, svo og að pakkinn hafi lent á öxl stefnanda. Í fyrrnefndri skýrslu um slysið segir svo um orsök þess: „.... var við vinnu á bakka að slá á net með harðfiski, þegar híft var upp, féll einn pakki úr netinu, lenti á honum“.

Tveir menn stjórnðu togvindum skipsins í umrætt sinn. Er annar þeirra var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, kvaðst hann ekki muna, hver tildrög voru að slysinu, en hinn mun ekki hafa verið sjónarvottur að því.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysi þessu. Orsök slyssins hafi verið sú, að einn fiskpakkin hafi verið laus í neti því, sem verið var að draga upp, bæði sakir þess að of mikið hafi verið í netinu, sem og hins, að „lógumaðurinn“ hafi ekki veitt því næga athygli, hvernig netið lagðist að pökkunum, þegar strikkaði á því. Þá hafi „lógumaðurinn“ látið lyfta netinu of fljótt og ekki gefið honum

færi á því að forða sér, en vegna aldurs hafi hann ekki treyst sér til að stökkva niður af palli bifreiðarinnar, eins og Árni Ólafsson gerði. Enn sé þess að geta, að borið hafi á rykkjum, er netið var dregið upp, og muni það hafa átt sinn þátt í því, að fiskpakkinn féll niður. Jafnvel þótt skýrsla Þórarins Jónssonar yrði lögð til grundvallar um atvik að slysinu, beri hún með sér, að of fljótt hafi verið byrjað að lyfta netinu, svo og að of snögg hafi verið lyft.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að stefnandi hafi sjálfur orðið valdur að slysi því, sem um ræðir, með stórfelldu gáleysi sínu. Sé með skýrslu stefnanda fengin full sönnun þessa, en eigi verði hjá því komizt að leggja skýrslu þessa til grundvallar um tildrög slyssins. Í henni komi það fram, að þeir félagar, stefnandi og Árni Ólafsson, hafi látið fiskpakka ofan á net það, sem fyrr var dregið upp, án þess að gefa „lúgumanninum“ nokkur merki um það eða taka honum vara við því. Þá hafi stefnandi ekkert fylgzt með því, sem þarna var að gerast, en Árna Ólafssyni virðist hins vegar hafa verið ljóst, að ekki var allt með felldu, þar eð hann hafi stokkið niður af palli bifreiðarinnar til þess að verða ekki undir fiskpakkanum, sem ofan á netinu var. Á hinn bóginn sé leitt í ljós, að tæki þau, sem notuð voru við fermingu skipsins, hafi verið í fullkomnu lagi svo og, að menn þeir, sem togvindum skipsins stjórnuðu, hafi verið þaulvanir störfum og ekkert athugavert við störf þeirra, enda sé það viðurkennt af stefnanda.

Hér að framan hefur það verið rakið, sem upp er komið í málinu um atvik að slysi því, sem um ræðir. Þegar það er virt, kemur í ljós, að ekkert verður með vissu um það sagt, hver nákvæm tildrög slyssins hafi verið. Þó þykir mega telja sannað, að annað hvort hafi fiskpakki fallið á stefnanda úr neti því, sem upp var dregið, svo sem hann og vitnið Árni Ólafsson staðhæfa, með þeim afleiðingum, að stefnandi féll niður af bifreiðinni eða netið sjálft eða einhver fiskpakkinn í því hafi krækzt í net það, sem eftir var á palli bifreiðarinnar, og hróflað því til með þeim afleiðingum, að pakki og stefnandi féllu niður á bryggjuna. Verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af „lúgumanninum“ að láta draga netið upp, áður en stefnanda hafði gefizt ráðrúm til að forða sér á öruggan stað, þar sem umbúnaður fiskpakka virðist hafa verið ótryggur og þess dæmi, að einn og einn pakki félli úr netunum, er þau voru dregin upp. Ef hins vegar laus pakki var ofan á neti því, sem upp var dreg-

ið, þá bar stefnanda að vekja athygli „lúgumannsins“ á því, áður en byrjað var að lyfta netinu. En eins og áður er sagt, er á huldu, hvort svo hafi verið. Að þessu athuguðu og þegar þess jafnframt er gætt, að stefndi hlutaðist ekki til um, að rannsókn væri strax framkvæmd á tildrögum slyssins, svo sem rétt var og skylt, þykir bera að leggja á stefnda fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi beið.

Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 139.030.00, en hélt fram kröfum sínum í stefnu að öðru leyti. Sundurliðar stefnandi kröfuna þannig:

1. Atvinnutjón í eitt ár	kr. 45.000,00
2. Örorkutjón	— 48.530,00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 40.000,00
4. Ferða- og sjúkrakostnaður o. fl.	— 5.500,00

Samtals kr. 139.030,00

Upp er komið í málinu, að stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins dagpeninga að fjárhæð kr. 6.470,10 og örorkubætur að fjárhæð kr. 11.261,00 svo og frá stefnda kr. 817,60, sem er einnar viku kaup. Hefur stefnandi samþykkt, að greiðslur þessar, sem nema samtals kr. 18.548,70, komi til frádráttar kröfu sinni. Nemur endanleg krafa hans í málinu samkvæmt því kr. 120.481,30 (kr. 139.030,00 ÷ kr. 18.548,70).

Um 1. og 2.

Stefnandi kom brátt til meðvitundar aftur eftir slysið, og var hann þegar fluttur af slysstaðnum í Landsspítalann. Við skoðun þar fannst brot á viðbeini og stórt sár á andliti, sem gert var að. Þá hafði stefnandi og nokkra ógleði. Er hann hafði legið nokkra stund á sjúkrahúsinu til rannsóknar, var hann sendur heim til þess að liggja þar, þar sem meðvitundarleysið við áverkann þótti benda til heilahristings eða að minnsta kosti einhvers áverka á heila. Var stefnandi nú óvinnnufær og fór að þjást af höfuðverk, magnleysi í báðum fótum og vinstri handlegg, svima og hafði auk þess tilhneigingu til að detta við gang. Varð þetta til þess, að stefnandi var vistaður á lyflæknisdeild Landspítalans, þar sem hann lá frá 9. ágúst til 27. september 1954. Samkvæmt vottorði Sigurðar Samúelssonar yfirlæknis bentu rannsóknir til þess, að um blæðingu utan á heila væri að ræða, og var stefnandi því sendur til Kaupmannahafnar á „neuro-kir-

urgisku“-deild ríkissjúkrahússins þar. Dvaldi stefnandi þar frá 27. september til 21. október 1954, og var sjúkdómsgreiningin hin sama og á lyflæknisdeild Landspítalans. Við skurðaðgerð, sem framkvæmd var á höfði stefnanda, fannst mikil blæðing utan á hægri heilahelmingi, og var allt það blóð, er til náðist, tæmt út. Getur prófessor Sigurður Samúelsson þess í fyrrnefndu vottorði sínu, að öll líkindi bendi til þess, að beint orsakasamband hafi verið á milli áverka þess, er stefnandi hlaut við slysið, og blæðingar þeirrar, sem fannst við heilaaðgerðina.

Hinn 10. júní 1955 skoðaði Bergþór læknir Smári stefnanda í því skyni að meta örorku hans vegna slyssins, en í vottorði læknisins, dagsettu sama dag, er þess getið, að hann telji þá enn ekki tímabært að meta örorkuna. Hinn 23. febrúar 1956 var stefnandi aftur skoðaður af þessum sama lækni og örorka hans metin. Í vottorði læknisins, dagsettu 2. marz 1956, segir m. a. á þessa leið:

„.... Hann (stefnandi) kveðst hafa byrjað vinnu eftir slysið í maí 1955 og unnið að mestu síðan ýmiskonar verkamannavinnu, að undanförunu við hreinsanir hjá Reykjavíkurbæ, en átti bágð með það, einkum sökum verkja í höfði, er hann segist fá við áreynslu, þreytu í augum og almenns slappleika. Einnig kveðst hann vera gleyminn og sljór.

Skoðun:

Útlit virðist eðlilegt. Minni virðist sæmilega gott. Engin sýnileg lömun í andliti. Augu eðlileg. Blóðþr. 180/90. Hlustun á hjarta og lungum: Ekkert sérstakt athugavert. Sæmilegir kraftar eru í útlimum, jafnir báðum megin. Engin vöðvarýrnun mælanleg. Sinaviðbrögð og ilreflex eðlileg.

Að öllum líkindum hefur heilablæðingin verið bein afleiðing slyssins, en slasaði virðist hafa náð sér furðu vel.

Ekki þykir þó verða komizt hjá því að álíta, að nefndur áverki rýri vinnugetu slasaða nokkuð í framtíðinni, og telst varanleg örorka hans af þeim sökum hæfilega metin:

20%.“

Stefnandi er talinn fæddur 10. október 1887 og hefur því verið 66 ára gamall, er hann slasaðist. Hann er kvæntur, en ekki munu þau hjón hafa börn á framfæri sínu. Heimilislæknir stefnanda hefur gefið vottorð þess efnis, að stefnandi hafi verið heilsu-
hraustur fyrir slysið.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans næstu árin fyrir slysið verið, sem hér segir: árið 1951 kr. 35.671,00; árið 1952 kr. 33.935,00; árið 1953 kr. 47.037,00 og árið 1954 kr. 20.995,00. Auk þess vann eigin-kona hans fyrir nokkrum tekjum öll þessi ár.

Hinn 23. júní 1956 reiknaði K. G. Guðmundsson trygginga-fræðingur út atvinnutjón stefnanda miðað við framangreinda ör-orku. Með skírskotun til örorkumatsins gerir hann ráð fyrir, að stefnandi hafi ekkert unnið frá slyssdegi til ársloka 1954 og reiknar með því, að framtaldrá atvinnutekna þess árs hafi hann aflað á 5 fyrstu mánuðum þess. Reiknast honum til, að framan-greindar atvinnutekjur áráanna 1951—1954 svari til kr. 27.291,00 í meðalgrunnkaup á ári. Út frá því grunnkaupi áætlað hann síð-an vinnutekjur og vinnutekjutjón stefnanda fram í tímann, og er áætlað vinnutekjutjón 20% af áætluðum vinnutekjum. Verð-mæti hins áætlaða vinnutekjutjóns reiknast honum nema kr. 48.530,00, ef reiknað er með 6% ársvöxtum, en kr. 49.594,00, sé reiknað með 4% vöxtum p. a. Í báðum tilvikum er miðað við slyssdag. Hefur stefnandi lagt fyrri fjárhæðina til grundvall-ar kröfu sinni samkvæmt 2. lið.

Framangreindur útreikningur er byggður á dánarlíkum ís-lenzkra karla samkvæmt reynslu á árunum 1921—1930 og lík-um fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur tjáð dómaran-um, að hann geri ráð fyrir að starfsorka stefnanda fari smá-minnkandi til 83 ára aldurs hans.

Enginn frádráttur hefur verið gerður fyrir opinberum gjöldum.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæðum beggja þessara liða sem of háum.

Það þykir bera að leggja til grundvallar framburð stefnanda um það, að hann hafi verið alger öryrki um eins árs skeið eftir slysið, enda er það staðfest með vottorði læknis, dagsettu 24.8. 1955. Hefur atvinnutjón hans því numið meiru en útreikningur tryggingafræðingsins gefur til kynna. Á hinn bóginn er þess að gæta, að í útreikningi sínum hefur tryggingafræðingurinn, eins og að framan greinir, reiknað með 20% örorku stefnanda allt frá slyssdegi. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, sem að framan eru greind, þykir hæfilegt að taka þessa tvo kröfuliði til greina með kr. 59.000.00. Hafa þá verið dregnar frá fyrrnefndar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og stefnda.

Um 3.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem allt of hárri.

Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda og meiðsli þau, er hann hlaut, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 4.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 84.500.00 (kr. 59.000.00 + kr. 20.000,00 + kr. 5.500,00) ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 84.500,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.